

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2016/EES/63/10

frá 17. mars 2008

um breytingu á ákvörðun 2007/176/EB að því er varðar skrá yfir staðla og/eða forskriftir fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, svo og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu

(tilkynnt með númeri C(2008) 1001)

(2008/286/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/
EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn
fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr.
17. gr.,

að höfðu samráði við fjarskiptanefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin samþykkti ákvörðun 2007/176/
EB ⁽²⁾ um skrá yfir staðla og/eða forskriftir fyrir rafræn
fjarskiptanet og -þjónustu og tilheyrandi aðstöðu og
þjónustu. Í VIII. kafla þessarar skrár er fjallað um staðla
fyrir útsendingar.
- 2) Samræmt framboð á sjónvarpsútsendingum frá jarð-
stöðvum í farstöðvar er nauðsynlegt til að ná fram stærðar-
hagkvæmni alls staðar innan ESB. Í orðsendingu sinni um
styrkingu innri markaðarins fyrir farstöðvasjónvarp ⁽³⁾
ákvað framkvæmdastjórnin að staðallinn um stafrænar
sjónvarpsendingar fyrir lófataeki (DVB-H) væri hentug-

astur fyrir framtíðarþróun farstöðvasjónvarps um jarð-
stöðvar í Evrópu og gaf til kynna að hún hygðist bæta
þessum staðli í skrána yfir staðla.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukann við ákvörðun 2007/176/EB bætist eftirfarandi
við lið 8.3 (Stafrænar útsendingar) í VIII. kafla skrárinnar yfir
staðla:

„Stafrænar sjónvarps- sendingar (lófatæki) DVB-H	Staðall Fjarskipta- staðlastofnunar Evrópu EN 302 304	útgáfa 1.1.1 ⁴
--	--	---------------------------

2. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. mars 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 24. Hennar var getið
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2008 frá 7. nóvember
2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn,
sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79, 18.12.2008,
bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33. Tilskipuninni var breytt með reglugerð
(EB) nr. 717/2007 (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32).

⁽²⁾ Stjtið ESB L 86, 27.3. 2007, bls. 11

⁽³⁾ COM(2007) 409 lokagerð, 18.7.2007.